

## Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um bætt aðgengi  
að efnisframboði Ríkisútvarpsins.

Frá Ásmundi Friðrikssyni.

1. Hvaða umbætur hafa verið gerðar í aðgengismálum blindra, heyrnarlausra og heyrnar-  
skertra í sjónvarpsútsendingum Ríkisútvarpsins, á heimasíðu þess og í appi undanfarinn  
áratug?
2. Hver hefur aukningin á textun og táknmálstúlkun í efnisframboði Ríkisútvarpsins verið  
undanfarinn áratug og hvaða efni er lögð áhersla á að túlka og texta?
3. Hvernig hefur Ríkisútvarpið sinnt lögbundnum skyldum sínum á þessu sviði og hvernig  
mun það leitast við að gera það áfram?

Skriflegt svar óskast.